

Skrá

12
23. jan.

yfir ættarnöfn, er samkvæmt 7. gr., staflað a, í lögum nr. 41,
10. nóv. 1913, um ættarnöfn, eigi má taka upp.

Ættarnöfnin eru þessi :

Axfirðingur
Briem
Claessen
Eggerz
Hall
Hafstein
Havsteen
Nordal
Sveinbjörnsson
Thorlacius
Thorsteinsson
Tulinus.

Stjórnarráðið, 23. janúar 1915.

Reglugjörð

13
15. febr.

fyrir kvennaskólann á Blönduósi.

I. *Markmið skólans og námstími.*

1. gr.

Markmið skólans er að veita konum almenna mentun og sjerþekkingu, er gjöri þær færari um að standa vel í stöðu sinni.

2. gr.

Námstíminn skal vera þrjú vetur. Skólaárið telst frá 1. október til 14. maí. Skólinn skiftist í þrjár deildir og skal kenna í þeim almennar bóklegar námsgreinar, handavinnu og hússtjórnarstörf.

13
15. febr.II. *Stjórn og fyrirkomulag skólans.*

3. gr.

Sýslunefndir Austur-Húnavatnssýslu og Vestur-Húnavatnssýslu hafa á hendi yfirstjórn skólans, útvega honum fje og hafa ábyrgð á fjármálum hans. Skipa þær nefnd þriggja manna, sem í umboði þeirra annast stjórn og rekstur skólans, og skipar forstöðukonu og aðra kennara hans. Sýslunefndir skipa og einn varamann í skólanefnd, er tekur sæti í forföllum nefndarmanna.

Skólanefndin semur hinn árlega fjárhagsreikning, og sendir hann til sýslunefndanna fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert með fylgiskjölum og skýrslu um hag og ástand skólans. Auk þess skal skólanefnd, þau ár sem fjárlagaþing er háð, gjöra sem nákvæmasta skýrslu um skólann og fjárhag hans, og senda til oddvita sýslunefndar ekki síðar en um miðjan júní það ár.

Fje skólans skal, eftir því sem við verður komið, geyma og ávaxta í sparisjóði Húnavatnssýslu.

Á meðan skólinn hefir fæðissölu námsmeyjanna, skal halda sjerstakan reikning yfir alt er að henni lýtur.

Reikningsár skólans er fardagaárið.

Oddviti sýslunefndanna skal senda allar nauðsynlegar skýrslur til stjórnarráðs og þings, og í umboði þeirra sækja um styrk til skólans.

4. gr.

Skólanefndarmenn eru kosnir til þriggja ára og skal haga kosningu þannig, að árlega fer einn maður úr nefndinni og einn maður er kosinn í hans stað. Sömu menn má endurkjósa, en þó er enginn skyldur að vera lengur í nefndinni en þrjú ár í senn. Að þremur árum liðnum er hver sýslunefndarmaður skyldur að taka aftur við kosningu.

Skólanefndin kys sjálf formann og skiftir að öðru leyti verkum með sjer. Að öðru leyti semja sýslunefndirnar erindisbrjef fyrir skólanefndina sem ákveður nánara verksvið hennar, skyldur, störf og þóknun.

III. *Inntaka og inntökuskilyrði.*

5. gr.

Beiðni um inntöku á skólann skal að jafnaði vera skrifleg og sendast skólanefnd fyrir lok ágúst mánaðar ár hvert.

6. gr.

Inntökuskilyrði eru þessi:

- a. að umsækjandi sje ekki yngri en 14 ára, undanþágu má þó veita, ef sjerstök atvik mæla með.
- b. að umsækjandi hafi engan næman sjúkdóm.
- c. að umsækjandi hafi vottorð um góða hegðun.
- d. að trygg ábyrgð sje sett fyrir fæðispeningum og skólagjaldi, að svo miklu leyti sem það er ekki greitt fyrirfram.
- e. að umsækjandinn sanni með vottorði að hann hafi tekið fullnaðarpróf samkvæmt fræðslulögunum, ella gangi undir inntökupróf þegar hann kemur á skólann, og velur þá skólanefndin prófdómara

Nemandi sá, sem setjast vill í aðra eða þriðju deild, skal sanna fyrir kennurum skólans að hann hafi kunnáttu og þroska til þess, ella taki próf.

7. gr.

Forstöðukona má, í samráði við skólanefnd, taka nemendur skemmri tíma en heilt skólaár, ef sjerstakar ástæður mæla með og húsrúm leyfir.

8. gr.

Fæðispeningar eru 135 kr. fyrir alt skólaárið, en skólagjald 15 kr. fyrir hverja námsmey. Helmingurinn borgist við komu í skólann en hitt mánaðarlega síðari hluta skólaársins uns lokið er. Gjöld þessi geta sýslunefndirnar lækkað, ef þörf krefur, fyrir eitt ár í senn.

IV. *Kensla.*

9. gr.

Í öllum deildum skal kenna íslensku, reikning, landafræði, sögu, náttúrufræði, dönsku, dráttlist, skrift, söng, leikfimi, handavinnu og hússtjórnarstörf. En niðurröðun námsgreinanna og fyrirkomulag kenslunnar verður að fara eftir húsrúmi og álitni kennaranna um, hvernig því verði best fyrirkomið. Kenslunni skal svo haga, að kept sje að því takmarki, er hjer greinir:

- a. Íslenska: Nemandinn skal geta lesið skýrt og greinilega bundið og óbundið **13** mál, og sett hugsanir sínar fram munnlega og skriflega á rjettu og hreinu ^{15. febr.} máli, og hafa lært íslenska málfræði.
- b. Reikningur: Auk frekari æfinga í því sem nemendur eiga að kunna við inntöku í skólann, skal kenna hlutfallsreikning, prócentu- og rentureikning, grundvallaratriði almennrar reikningsfærslu og helstu undirstöðuatriði í flatarmáli og rúmmáli.
- c. Landafraeði: Íslandslýsing og ágríp af almennri landafraeði.
- d. Saga: Íslandssaga og yfirlit yfir mannkynssöguna.
- e. Náttúrufræði: Yfirlit yfir náttúrusöguna, í grasafræði, sjerstaklega um notkun garðávaxta, og í efnafræði, einkum um efnasamsetning loftsins og matvælnanna. Heilsufræði og hjúkrunarfræði.
- f. Danska: Nemandinn nái sem bestum framburði í málinu, og geti lesið sjer til gagns hverja algenga danska bók, fái æfingu í að rita málið og nokkra þekkingu á bókmentum Norðurlanda. Aðalatriði danskrar málfræði.
- g. Dráttlist: Kenslan skal miðuð við það, að örfa eftirtekt nemendanna, svo þeir geti dregið upp myndir af auðveldum hlutum, er þeir hafa fyrir sjer.
- h. Skrift: Nemandinn skrifi skýra og læsilega snarhönd og kunni að beita henni laglega í skriflegum verkefnum.
- i. Söngur: Nemendum sjeu kend helstu atriði söngfræðinnar og að syngja bæði visnalög og sálmalög, einnig fái nokkra æfingu í að stýra söng.
- j. Leikfimi: Nemendur skulu hafa reglubundnar æfingar, er miði að því að gjöra líkama þeirra hraustan og styrkan; jafnframt skulu þeir fá leiðbeining í snyrtilegri framgöngu.
- k. Handavinna: Nemendum sje kent að sníða og sauma innri- og ytri fatnað, gjöra að fatnaði og búa til húsbúnað og muni. Ennfremur er kenslukonum heimilt að veita tilsögn í fleiri greinum handavinnunnar. Allri handavinnu er skift í fjóra flokka: klæðasaum, linsaum, útsaum, aðgjörðir og aðra handavinnu, sem ekki getur talist til hinna flokkanna.
- l. Hússtjórnarstörf: Nemendum sjeu kend matreiðsla, hirðing og geymsla matvælna og áhalda, þvottur og meðferð á honum og línsterking, hirðing á herbergjum og húsbúnaði.
- m. Enska: Nemendum þeim, er þess óska, skal gefinn kostur á tilsögn í enskri tungu.

V. Kenslutími og leyfi.

10. gr.

Í hverri deild skal kenna bóklegar námsgreinar 20—24 stundir á viku, og verklegar námsgreinar sömuleiðis 20—24 stundir á viku. 10 mínútna hlje sje á milli kenslustunda.

- 13** Jólaleyfi nái frá 23. desember til 2. janúar, að báðum dögum meðtöldum.
 15. febr. Páskaleyfi nær frá miðvikudegi fyrir skirdag til þriðja í páskum, að báðum þeim dögum meðtöldum. Kenslan fer ekki fram á öskudag nje fyrsta sumardag.

VI. Regla og agi.

11. gr.

Forstöðukona og kennarar skulu hafa eftirlit með siðferði nemendanna og kappkosta að glæða hjá þeim reglusemi og siðprýði. Nemendur eiga að sýna kennurum sínum hlýðni og temja sjer kurteisi og háttprýði í allri framgöngu.

Forstöðukona skólans er yfirboðari kennara og einnig hjúa, að því leyti sem skólanefnd ákveður; skulu kennararnir veita henni aðstoð sína til að halda góðri reglu í skólanum. Mál þau, er snerta kensluna, skulu rædd og til lykta leidd á kennarafundum.

12. gr.

Skemmi nemendur eða annað heimilisfólk muni eða áhöld skólans, skulu þeir bæta það að fullu. Sjerstaklega eru nemendur og allir íbúar skólans ámintir um, að gæta þeirrar ábyrgðar, sem því fylgir að fara óvarlega með eld og ljós.

13. gr.

Forstöðukona og skólanefnd skulu hafa vakandi auga á heilbrigðisástandi skólans, og einangra eða vísa á burt um lengri eða skemri tíma þeim, sem að áliti læknis hafa næman sjúkdóm.

VII. Próf og vitnisburðir.

14. gr.

Í lok hvers skólaárs skal haldið próf í öllum kensludeildum skólans, og fer það fram í heyranda hljóði. Tveir prófdómendur skulu skipaðir við prófið; kjósa hlutaðeigandi sýslunefndir annan þeirra, og dæmir sá um bóklega námið, en hinn kýs skólanefnd, og dæmir hann um verklega námið og alt það, sem lýtur að hússtjórnarstörfum og hjúkrunarfræði. Prófdómari sýslunefndar ræður hinum skriflegu verkefnum og spurningum hins munnlega prófs.

15. gr.

13

15. febr.

Próf skal haldið í öllum þeim námsgreinum, sem taldar eru í 9. grein, nema söng og leikfimi. Þó skulu nemendur þeir, sem til þess eru færir, látnir syngja nokkur lög undir stjórn söngkennarans. Þegar skólinn hefir eignast leikfímishús skal leikfimi sýnd. Í íslensku og reikningi er prófið bæði skriflegt og munnlegt í öllum deildum og í dönsku í efstu deild. Fyrir hverja námsgrein skal gefa eina einkunn, nema fyrir íslensku, handavinnu og hússtjórnarstörf, 2 einkunnir fyrir hverja. Venjulegar skólaeinkunnir í tölum skal gefa fyrir hverja námsgrein, og aðaleinkunn einnig í tölum. Til þess að standast próf, þarf nemandinn að fá minst 4 í aðaleinkunn.

16. gr.

Nemendum þeim, sem ganga undir árspróf þriðju kensludeildar skulu afhent prófskirteini, undirskrifuð af forstöðukonu og prófdómendum, er sýni einkunnir þeirra í hverri námsgrein sem og aðaleinkunn þá, er þeir hafa hlotið við prófið, og vottorð um hegðun í skólanum.

17. gr.

Með þessari reglugjörð er fyrverandi reglugjörð fyrir kvennaskólann á Blönduósi úr gildi numin.

Þannig samþykkt á sameiginlegum sýslunefndarfundum Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu 15. júní 1914.

Reglugjörð þessi staðfestist hjermeð.

Í stjórnarráði Íslands, 15. febr. 1915.

Sig. Eggerz.

Eggert Briem.